

## Reglur um námsstyrki til starfsmanna í leikskólum Hafnarfjarðar

### A. Vegna ófaglærðra starfsmanna leikskóla sem stunda fjarnám í leikskólakennarafræðum á háskólastigi

1. Umsækjandi skal vera í starfi við leikskóla Hafnarfjarðar og hafa a.m.k. 2ja ára starfsreynslu af starfi í viðkomandi starfsgrein. Umsókn um styrk skal berast þróunarfulltrúa leikskóla fyrir 15 júní ár hvert. Umsögn yfirmanns stofnunar sem viðkomandi starfar hjá skal liggja fyrir. Þróunarfulltrúi fer yfir umsóknir í samstarfi við sviðsstjóra sem tekur ákvörðun í samræmi við fjárheimildir hverju sinni.
2. Umsækjandi skal skila staðfestingu um skólavist með umsókninni eða strax og hún liggur fyrir. Sviðssjóri afgreiðir umsóknir um styrki fyrir 1. ágúst ár hvert.
3. Styrkþegi fær greidd dagvinnulaun miðað við starfshlutfall þann tíma sem hann sækir staðbundið nám í viðkomandi skólstofnun. Að jafnaði er um er ræða fjórar vikur á ári hverju. Sé starfs-/vettvangsnám stundað við skóla sem Hafnarfjörður rekur fær starfsmaður greidd laun meðan á því stendur, en kjósi hann að stunda það annars staðar er það ekki launað.
4. Ekki er hægt að njóta þessara kjara lengur en sem nemur átta námsönnum enda sé námsframvinna og árangur með eðlilegum hætti. Styrkþegi ljúki ekki færri en 10 ECTS einingum á hverri námsönn og er það foresenda áframhaldandi námsstyrks. Upplýsingum um námsframvindu hverrar annar skal komið til þróunarfulltrúa. Hver umsókn gildir aðeins fyrir eitt skólaár og því þarf að endurnýja umsókn árlega
5. Styrkþegi skuldbindur sig til að starfa hjá Hafnarfjarðarkaupstað í a.m.k. tvö ár eftir að námi lýkur í a.m.k. sama starfshlutfalli og hann var í meðan hann naut styrks. Að öðrum kosti endurgreiðist styrkurinn hlutfallslega miðað við styttri starfstíma og/eða lægra starfshlutfall.
6. Verði verulegar breytingar á fyrirkomulagi fjarnáms skulu reglur þessar teknar til endurskoðunar.

**B. Vegna háskólamenntaðra starfsmanna sem stunda viðurkennt framhaldsnám í leikskólakennarafræðum á háskólastigi í fjarnámi samhliða starfi við leikskóla bæjarins.**

1. Umsækjandi skal vera í starfi við leikskóla Hafnarfjarðar. Uppfylli hann menntunarkröfur til starfs síns og hyggist leggja stund á framhaldsnám á háskólastigi getur hann sótt um styrk til slíks náms. Umsókn um styrk skal berast til þróunarfulltrúa leikskóla fyrir 15. júní ár hvert. Umsögn yfirmanns stofnunar sem viðkomandi starfar hjá skal liggja fyrir. Þróunarfulltrúi fer yfir umsóknir í samstarfi við sviðsstjóra sem tekur ákvörðun í samræmi við fjárheimildir hverju sinni.
2. Umsækjandi skili staðfestingu um skólavist með umsókninni eða strax og staðfesting liggur fyrir. Sviðsstjóri afgreiðir umsóknir um styrki fyrir 1. ágúst ár hvert.
3. Styrkþegi fær 10% afslátt frá vikulegri vinnuskyldu miðað við starfshlutfall. Styrkþegi fær greidd dagvinnulaun miðað við starfshlutfall þann tíma sem hann sækir staðbundið nám (innilotur). Komi til þess að styrkþegi geti ekki lokið öllum námseiningum í fjarnámi þarf hann að semja sérstaklega við yfirmann stofnunnar sem hann starfar hjá um hvernig haga skuli vinnuskilum á meðan á staðnámi stendur. Skólastjórnendur sem sækja framhaldsnám hafa sveigjanlegan vinnutíma en óskerta vinnuskyldu.
4. Ekki er hægt að njóta þessara kjara lengur en sem nemur átta námsönnum enda sé námsframvinda og árangur með eðlilegum hætti (miðað er við að lágmarki 60 eininga ECTS nám). Styrkþegi ljúki ekki færri en 10 ECTS einingum á hverri námsönn og er það forsenda áframhaldandi námsstyrks. Upplýsingum um námsframvindu hvernar annar skal komið til þróunarfulltrúa. Hver umsókn gildir aðeins fyrir eitt skólaár og því þarf að endurnýja umsókn árlega.
5. Styrkþegi skuldbindur sig til að starfa hjá Hafnarfjarðarkaupstað í a.m.k. tvö ár eftir að námi lýkur í a.m.k. sama starfshlutfalli og hann var í meðan hann naut styrks. Að öðrum kosti endurgreiðist styrkurinn hlutfallslega miðað við styttri starfstíma og/eða lægra starfshlutfall.
6. Verði verulegar breytingar á fyrirkomulagi fjarnáms skulu reglur þessar teknar til endurskoðunar.

Samþykkt á fundi fræðsluráðs Hafnarfjarðar

4. maí 2015

  
Magnús Baldursson, sviðsstjóri fræðsluþjónustu